

Nd.

401. Frumvarp til laga

[222. mál]

um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi 250 þúsund krónum.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, er hér segir:
 - a. 1/2% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.
 - b. 1% á annað sem gjaldskylt er.Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvара, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölu-stigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.

Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárrí fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3. lið þessarar greinar.
6. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. 2., 3. og 4. tl. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar undir stjórn Stofnlána-deildar landbúnaðarins.

3. gr.

68. gr. orðist svo:

Byggingastofnun landbúnaðarins er heimilt að selja þjónustu sína á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Því fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, er stjórn deildarinnar heimilt að ráðstafa að hluta í sjóð, sem hafi það verkefni að styrkja nýjungar í gerð gripahúsa. Styrkveitingar skulu háðar samþykki forstöðumanns byggingastofnunarinnar. Að öðru leyti gangi það upp í rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins.

4. gr.

69. gr. orðist svo:

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ræður forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins og skal hann vera arkitekt eða með sambærilega menntun.

Hann skal annast rekstur stofnunarinnar eftir nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að höfðu samráði við landnámsstjórn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 30. júní 1980, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lagaákvæði um sjódagjöld landbúnaðarins, sem innheimt eru til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búnaðarmálasjóðs. Tilfni þessarar nefndarskipunar voru tilmæli Framleiðsluráðs landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra vegna ágreinings og erfiðleika á innheimtu gjalda af hinum svonefndu aukabúgreinum, einkum alifugla- og svínarækt.

Í nefnd þessa voru skipaðir, að tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Gunnar Guðbjartsson, þáverandi formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Andrésson, bóndi og Gunnar Jóhannsson, bóndi. Þá skipaði ráðherra forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Stefán Pálsson, í nefndina og Guðmund Sigþórsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, sem formann. Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, tók sæti Gunnars Guðbjartssonar í nefndinni í forföllum hans.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá hinum ýmsu aðilum til stuðnings störfum sínum og kvatt á fund sinn talsmenn þessara aðila: Félags áhugamanna í fiskrækt, Landssambands veiðifélaga, Landssambands ferðamannabænda, Skógræktar ríkisins og Svínaræktarfélags Íslands.

Að athuguðu máli telur nefndin rétt að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins:

1. Framleiðendagjald lagt á svína- og alifuglarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu verði $\frac{1}{2}$ hins almenna gjalds eða 0,5% í stað 1% af gjaldstofni. Gjald þetta kemur ekki fram í hækkuðu afurðaverði, sbr. l. um búnaðarmálasjóð, og er því tekið af útborgunarverði til framleiðenda. Nefndin gerði athugun á hlutfallslegri samsetningu rekstrar-kostnaðar í hinum ýmsu búgreinum, sem leiddi í ljós rök fyrir breytingu frá því sem er í dag, sbr. framanritað.
2. Tekin verði upp heimild fyrir landbúnaðarráðherra til að ákveða endurgreiðslu eða niðurfellingu á neytendagjaldi (1%) og jöfnunargjaldi (1%) af landbúnaðarafurðum, sem fara til sölu á markað erlendis og njóta ekki útflutningsbóta úr ríkissjóði. Þessi gjöld eru lögð við vöruverð við sölu innanlands, en koma til lækkunar því verði, sem greiðist fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Til að skerða ekki samkeppnisaðstöðu þeirra búgreina, er byggja framleiðslu sína aðallega á erlendum mörkuðum, er þessi breyting lögð til. Hér má nefna sérstaklega loðdýrafurðir.
3. Vegna úreltra ákvæða um stjórnskipan Byggingastofnunar landbúnaðarins, gerði nefndin, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, tillögur um breytingar á lögum þar um, til samræmis við núverandi aðstæður.

Nefndin telur ekki að umræddar lækkanir á gjaldi framleiðenda til stofnlána-deildarinnar og undanþáguheimildir frá gjöldum til hennar við útflutning raski að verulegu marki fjárhagsgrundvelli deildarinnar. Á móti munu koma betri skil á gjöldum til deildarinnar frá því sem ella hefði orðið.

Nefndin vekur sérstaka athygli á neikvæðri fjárhagsstöðu deildarinnar áramótin 1980/1981 um 7,6 milljónir króna og því, að deildin átti þá útistandandi 56,8 milljónir króna í lánum með 2—18% ársvöxtum, sem koma til innborgunar allt fram undir næstu aldamót. Verðryrnun á þessum lánum yrði meginhluti nafnverðs þeirra, takist ekki að stemma stigu við verðbólgunni og staða deildarinnar þeim mun lakari, þar sem á móti þessum lánum standa gengistryggð lán eða vísitölubundin við verðlag. Því leggur nefndin sérstaklega áherslu á, að lögboðið framlag til deildarinnar verði ekki skert á fjárlögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.:

Greinin felur í sér þau nýmæli, að gjald, sem innheimtist af framleiðendum í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu skuli vera $\frac{1}{2}\%$ í stað þess að 1% er innheimt af þessum búgreinum skv. gildandi lögum. Jafnframt, að landbúnaðarráðherra sé heimilt að ákveða endurgreiðslu eða niðurfellingu á gjöldum af búvöru til útflutnings skv. 3. og 4. tölulið.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Um 2. gr.:

Eina breytingin, sem er gerð, er að lagt er til að Byggingastofnunin heyri undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Með lögum nr. 68/1973 var reiknað með sérstakri stjórn Stofnlánadeildar eins og segir í 2. gr. þeirra laga. Í reynd hefur Byggingastofnunin heyrt undir þá stjórn.

Um 3. gr.:

Lagt er til, að Byggingastofnunin selji þjónustu sína gegn sanngjörnu gjaldi. En eins og löggin eru í dag er ekki gert ráð fyrir að selja megi þjónustu til að standa undir reksturskostnaði stofnunarinnar. Þetta hefur haft tvennt í för með sér. Annars vegar, að verkbeiðnir eru oft lítið hugsáðar fyrirfram, því enginn aukakostnaður hefur verið því samfara fyrir verkbeiðendur að láta gera nokkrar tillöguteikningar. Því hefur það kallað á lélega nýtingu starfslíðs og einnig hitt að ekki hefur verið ráðist í ráðningu verkfræðings fyrir stofnunina, þar sem ekki hefur verið heimilt að selja þjónustu hans til að standa undir kostnaði. Því hefur á undanförmum árum verið samið við Landnám ríkisins um þjónustu slíks starfskrafts, þar sem sú stofnun hefur heimild til að selja þjónustu sína. Geta má þess að sú þjónusta, sem Landnámið veitir í þessu sambandi, hefur ekki kostað byggjendur nema brot af þeim kostnaði, sem verkfræðiteikningar kosta á frjálsum markaði.

Um 4. gr.:

Gert er ráð fyrir að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ráði forstöðumann fyrir stofnunina á svipaðan hátt og segir í 3. gr. laga nr. 68/1973 um ráðningu forstöðumanns Stofnlánadeildar. Tæplega getur talist eðlilegt, að ráðherra skipi forstöðumann tæknideildar, þar sem bankastjórar bankans eru ráðnir af bankaráði og forstöðumaður Stofnlánadeildar af stjórn Stofnlánadeildar.